

Hagnaður 279 millj. kr. á 1F 2025

Helstu niðurstöður 1. ársfjórðungs 2025

- Vörusala nam 37.786 millj. kr. sem er aukning um 17,3% milli ára en hækkaði um 3,0% án áhrifa Lyfju sem kom inn í samstæðuna frá júlí 2024.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 9.212 millj. kr. sem er aukning um 31,0% á milli ára en 10,5% án áhrifa Lyfju.
- Framlegðarstig nam 24,4% og hækkar um 2,6 p.p. frá 1F 2024 en lækkar um 0,1 p.p frá síðasta ársfjórðungi.
- Laun og starfsmannakostnaður nam 5.305 millj. kr. og eykst um 34,4% milli ára en 12,0% án áhrifa Lyfju.
- EBITDA nam 2.489 millj. kr. og hækkar um 31,2% milli ára en 13,1% án áhrifa Lyfju.
- Hagnaður fjórðungsins nam 279 millj. kr. og hækkar um 77 millj. kr. milli ára.
- Eigið fé nam 42.421 millj. kr. og er eiginfjárlutfallið 36,8% í lok 1F 2025 samanborið við 37,9% í lok árs 2024. Félagið úthlutaði arði fyrir 1.400 millj. kr í mars sem greitt var til hluthafa 9.apríl sl.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2025 er óbreytt og nemur 14.400 – 14.800 millj. kr.

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur				
Vöru- og þjónustusala	37.786	32.223	5.563	17,3%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	9.212	7.033	2.179	31,0%
Aðrar rekstrartekjur	549	508	41	8,0%
EBITDA	2.489	1.898	591	31,2%
EBIT	1.100	974	126	12,9%
EBT	329	230	98	42,7%
Hagnaður tímabilsins	279	202	77	38,4%
Efnahagsreikningur	31.3.2025	31.12.2024	Breyt.	% Breyt.
Birgðir	15.362	14.118	1.245	8,8%
Viðskiptakröfur	5.668	7.168	-1.500	-20,9%
Handbært fé	5.029	4.075	953	23,4%
Vaxtaberandi skuldir	43.847	43.956	-110	-0,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir	38.818	39.881	-1.063	-2,7%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	3,0	3,2	-0,2	-6,3%
Eiginfjárlutfall	36,8%	37,9%	-1,1 p.p.	-2,8%
Arðsemi eigin fjár	10,1%	10,4%	-0,3 p.p.	-2,6%
Sjóðstreymi	1F 2025	1F 2024	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	2.407	538	1.870	347,8%
Fjárfestingarhreyfingar	-764	-734	-30	4,0%
Fjármögnunarhreyfingar	-682	-225	-457	203,5%
Handbært fé í lok tímabils	5.029	2.961	2.067	69,8%
Lykiltölur				
Framlegð af vörusölu	24,4%	21,8%	+2,6 p.p.	11,7%
Starfsmannakostnaður/framlegð	57,6%	56,1%	+1,5 p.p.	2,6%
EBITDA/framlegð	27,0%	27,0%	+0,0 p.p.	0,1%
Hagnaður/framlegð	3,0%	2,9%	+0,1 p.p.	5,6%
Hagnaður á hlut	0,9	0,7	0,2	34,3%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	26,1%	7,6%	+18,5 p.p.	241,9%
Fjárfestingar	901	741	160	21,6%

Rekstur 1. ársfjórðungs 2025

Rekstur félagsins gekk ágætlega á fyrsta ársfjórðungi og var niðurstaðan í samræmi við áætlanir. Vörusala jókst í flestum vöruflokkum og var aukningin 17,3% milli ára en 3,0% án áhrifa Lyfju sem kom inn í samstæðuna frá júlí síðastliðnum og er því ekki í samanburðartölum. Afgreiðslufjöldinn jókst um 10,2% en 1,4% án áhrifa Lyfju. Framlegðarstig nam 24,4%, lækkar um 0,1 p.p frá fyrri ársfjórðungi, en hækkar um 2,6 p.p. frá fyrra ári. Framlegð hækkar um 31,0% milli ára en rekstrarkostnaður um 28,9% á sama tíma. EBITDA félagsins nam 2.489 millj. kr. sem er 31,2% hækkun milli ára. EBITDA N1 var 369 millj. kr. hærri en árið áður, EBITDA Krónunnar var 31 millj. kr. hærri en árið áður en EBITDA ELKO var 39 millj. kr. lægri en árið áður. Hagnaður fyrsta ársfjórðungs nam 279 millj. kr. sem er hækkun um 77 millj. kr. eða 38,4% milli ára.

Vörusala Lyfju nam 4.735 millj. kr. á fjórðungnum, EBITDA nam 343 millj. kr. og hagnaður 31 millj. kr.

Tekjur 1. ársfjórðungs 2025

- Heildartekjur námu 38.335 millj. kr. sem er aukning um 17,1% milli ára.
- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 37.786 millj. kr. sem er aukning um 17,3% milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 19.629 millj. kr. sem er aukning um 9,2% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 8.189 millj. kr. sem er lækkun um 3,1% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 4.309 millj. kr. sem er aukning um 6,8% milli ára.
- Tekjur af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum námu 3.473 millj. kr.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 2.186 millj. kr. sem er aukning um 24,0% milli ára.

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala				
Dagvörur	19.629	17.974	1.655	9,2%
Eldsneyti og rafmagn	8.189	8.453	-264	-3,1%
Raftæki	4.309	4.034	275	6,8%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	3.473	0	3.473	-
Aðrar vörur og þjónusta	2.186	1.763	423	24,0%
Samtals vöru-og þjónustusala	37.786	32.223	5.563	17,3%
Aðrar rekstrartekjur	549	508	41	8,0%
Tekjur samtals	38.335	32.731	5.604	17,1%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 9,2% milli ára en hluti vörusölu Lyfju fellur undir þann flokk. Tekjur af eldsneyti og rafmagni minnkuðu um 3,1% milli ára en lækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 11-14%, eftir vörutegundum. Selt magn eldsneytis nam um 41,2 millj. lítrum sem er 11,9% lækkun milli ára vegna minni sölu af flotaeldsneyti. Tekjur af raftækjasölu jukust um 6,8% milli ára og tekjur af annarri vöru og þjónustusölu jukust um 24,0% milli ára en hluti vörusölu Lyfju fellur undir þann flokk. Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf er nýr flokkur í sundurliðun tekna með kaupum á Lyfju en tekjur af þeim flokki námu 3.473 millj. kr. á fjórðungnum.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 1. ársfjórðungi 2025

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 9.212 millj. kr. sem er 31,0% aukning milli ára. Framlegðarstig nam 24,4% og lækkar um 0,1 p.p frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 2,6 p.p. frá fyrra ári.
- Framlegð af dagvörusölu nam 4.582 millj. kr. sem er aukning um 15,0% milli ára. Framlegðarstig nam 23,3% sem er hækkun um 1,2 p.p. milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.830 millj. kr. sem er 422 millj. kr. aukning frá árinu áður. Framlegðarstig nam 22,3% og hækkar um 5,7 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.108 millj. kr. sem er hækkun um 7,4% milli ára. Framlegðarstig nam 25,7% sem er hækkun um 0,1 p.p. milli ára.
- Framlegð af lyfjum og lausasölulyfjum nam 933 millj. kr. en það er nýr flokkur hjá samstæðunni.
- Framlegð af annarri vöru- og þjónustusölu nam 759 millj. kr. sem er aukning um 24,4% milli ára. Framlegðarstig nam 34,7% sem er hækkun um 0,1 p.p. frá árinu áður.

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu				
Dagvörur	4.582	3.983	599	15,0%
Eldsneyti og rafmagn	1.830	1.408	422	30,0%
Raftæki	1.108	1.032	77	7,4%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	933	0	933	-
Aðrar vörur og þjónusta	759	610	149	24,4%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	9.212	7.033	2.179	31,0%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 9.212 millj. kr. samanborið við 7.033 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2024 sem er 31,0% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 4.582 millj. kr. sem er 15,0% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 1.830 millj. kr. sem er aukning um 422 millj. kr. milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 1.108 millj. kr. sem er 7,4% hækkun milli ára. Framlegð af lyfsseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum nam 933 millj. kr. en það er nýr flokkur með tilkomu Lyfju í samstæðuna. Framlegð annarra vara og þjónustu nam 759 millj. kr. sem er 24,4% hækkun milli ára.

Rekstrarkostnaður 1. ársfjórðungs 2025

- Rekstrarkostnaður á 1F 2025 nam 7.272 millj. kr. og hækkar um 1.629 millj. kr. milli ára eða um 28,9%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 1.358 millj. kr. eða 34,4% milli ára en 12,0% án Lyfju.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.611 á fjórðungnum sem er fjölgun um 21,1% milli ára en 2,4% án Lyfju.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 271 millj. kr. eða um 16,0% milli ára en lækkar um 0,2% án Lyfju.

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður				
Laun og annar starfsmannakostnaður	5.305	3.947	1.358	34,4%
Annar rekstrarkostnaður				
Rekstrarkostnaður fasteigna	592	526	66	12,6%
Viðhaldskostnaður	297	283	14	4,9%
Sölu- og markaðskostnaður	444	372	72	19,4%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	154	116	38	32,7%
Samskiptakostnaður	336	250	86	34,6%
Vátrygginga- og tjónakostnaður	32	54	-22	-40,4%
Annar kostnaður	112	95	16	17,0%
Samtals annar rekstrarkostnaður	1.967	1.696	271	16,0%
Samtals rekstrarkostnaður	7.272	5.643	1.629	28,9%

Laun og annar starfsmannakostnaður á 1F 2025 nam 5.305 millj. kr. samanborið við 3.947 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 34,4% hækkun milli ára en 12,0% án Lyfju. Fjöldi stöðugilda nam 1.611 á fjórðungnum sem er fjölgun um 281 stöðugildi eða 21,1% milli ára, en 2,4% án Lyfju. Hækkun vegna aukninga stöðugilda nam 869 millj. kr., samningsbundnar launahækkarnir höfðu 280 millj. kr. áhrif og starfsmannakostnaður um 157 millj. kr. vegna innkomu Lyfju og að árshátíð var haldin nú í fjórðungnum en á seinni fjórðungum í fyrra. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og starfsmannakostnaður samtals 1F 2024	3.947
Stöðugildi - breyting	869
Samningsbundnar launahækkarnir	280
Breyting í starfsmannakostnaði	157
Kaupréttir	35
Aðrar breytingar	17
Laun og launatengd gjöld 1F 2025	5.305

Annar rekstrarkostnaður nam 1.967 millj. kr. samanborið við 1.696 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 271 millj. kr. eða 16,0% en lækkar um 0,2% án áhrifa Lyfju. Áhrif verðbólgu og aukinnar sölu gæti á alla kostnaðarliði en ágætur árangur hefur náðst í aðhaldi alls rekstrarkostnaðar.

Fjármagnsliðir 1. ársfjórðungs 2025

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 771 millj. kr. samanborið við 744 millj. kr. neikvæð áhrif frá árinu áður. Kostnaðurinn hækkar því um 27 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 121 millj. kr. og hækka um 37 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 960 millj. kr. og hækka um 20 millj. kr. milli ára.
- Gengismunur var neikvæður um 19 millj. kr. og eykst um 44 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 87 millj. kr. sem er sambærilegt milli ára.

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	121	84	37	43,8%
Fjármagnsgjöld	-960	-940	-20	2,1%
Gengismunur	-19	25	-44	-177,0%
Áhrif hlutdeildarféлага	87	87	0	-0,5%
Samtals	-771	-744	-27	3,7%

Fjármagnstekjur nema 121 millj. kr. og hækka um 37 millj. kr. milli ára. Fjármagnsgjöld nema 960 millj. kr. og hækka um 20 millj. kr. milli ára. Gengismunur var neikvæður um 19 millj. kr. sem er neikvæð aukning um 44 millj. kr. á milli ára. Áhrif hlutdeildarféлага eru jákvæð um 87 millj. kr. líkt og árið áður.

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 1. ársfjórðungs 2025

- Heildareignir námu 115,3 ma. kr. í lok fjórðungsins og hafa aukist um 0,4 ma. kr. frá áramótum.
- Fastafjármunir námu 88,1 ma. kr. og hafa lækkað um 0,2 ma. kr. frá áramótum.
- Veltufjármunir námu 27,1 ma. kr. og hafa aukist um 0,6 ma. kr. frá áramótum.
- Handbært fé nam 5,0 ma. kr. í lok 1F 2025 sem er hækkun um 1,0 ma. kr. frá áramótum.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 38,8 ma. kr. og hafa lækkað um 1,1 ma. kr. frá áramótum.
- Eiginfjárlutfall félagsins var 36,8% í lok 1F 2025 samanborið við 37,9% í árslok 2024.

Milljónir króna	31.3.2025	31.12.2024	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	18.367	18.367	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	8.105	8.197	-92	-1,1%
Rekstrarfjármunir	41.098	41.217	-119	-0,3%
Leigueignir	10.541	10.535	6	0,1%
Fjárfestingarfasteignir	7.098	7.012	86	1,2%
Birgðir	15.362	14.118	1.245	8,8%
Viðskiptakröfur	5.668	7.168	-1.500	-20,9%
Handbært fé	5.029	4.075	953	23,4%
Vaxtaberandi skuldir	43.847	43.956	-110	-0,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir	38.818	39.881	-1.063	-2,7%
Eignfjárlutfall	36,8%	37,9%	-1,1 p.p.	-2,8%
Veltuhraði vörubirgða	8,5	7,7	0,8	10,4%

Viðskiptavild nam 18.367 millj. kr. og stendur í stað frá áramótum. Aðrar óefnislegar eignir nema 8.105 millj. kr., sem er lækkun um 92 millj. kr. milli ára. Rekstrarfjármunir nema 41.098 millj. kr. og lækka um 119 millj. kr. frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir nema 7.098 millj. kr. og hækka um 86 millj. kr. frá áramótum.

Vörubirgðir hækka um 1.245 millj. kr. frá áramótum. Viðskiptakröfur lækka um 1.500 millj. kr. og handbært fé hækkar um 953 millj. kr. frá áramótum.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu samtals 38.818 millj. kr. sem er lækkun um 1.063 millj. kr. frá áramótum. Eiginfjárlutfall félagsins var 36,8% í lok 1F 2025 samanborið við 37,9% í lok árs 2024. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

Sjóðstreymi 1. ársfjórðungs 2025

- Handbært fé frá rekstri nam 2.407 millj. kr. sem er hækkun um 1.870 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 764 millj. kr. sem er hækkun um 30 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 682 millj. kr. sem er hækkun um 457 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi				
Handbært fé í byrjun tímabils	4.075	3.362	713	21,2%
Handbært fé frá rekstri	2.407	538	1.870	347,8%
Fjárfestingarhreyfingar	-764	-734	-30	4,0%
Fjármögnunarhreyfingar	-682	-225	-457	203,5%
Gengismunur af handbæru fé	-8	21	-28	-136,8%
Breyting á handbæru fé	961	-422	1.382	-327,9%
Handbært fé í lok tímabils	5.029	2.961	2.067	69,8%

Handbært fé frá rekstri á 1F 2025 nam 2.407 millj. kr. sem er hækkun um 1.870 millj. kr. milli ára. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 764 millj. kr. sem eru 30 millj. kr. hærri en árið áður. Fjármögnunarhreyfingar námu 682 millj. kr. sem er hækkun um 457 millj. kr. milli ára. Afborganir af langtímalánum námu 323 millj. kr. og leiguskuldum 359 millj. kr. Handbært fé jókst um 961 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2025 og nam handbært fé í lok tímabilsins 5.029 millj. kr.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2025

EBITDA spá félagsins fyrir 2025 nemur 14.400 – 14.800 millj. kr.

CAPEX spá félagsins fyrir árið 2025 nemur 5.200 – 5.600 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Þróun verðbólgu og vaxtastigs, sem og gengi íslensku krónunnar.
- Þróun alþjóðamála og áhrif þeirra á millilandaviðskipti.
- Þróun stríðsátaka og áhrif þeirra á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 1F 2025 nam 92,1 milljarði króna og hækkar um 4,1% frá ársbyrjun 2025.
- Hluthafar félagsins voru 1.240 í lok 1. ársfjórðungs 2025 og fjölga um 21 frá áramótum.

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, miðvikudaginn 30. apríl 2025

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður miðvikudaginn 30. apríl 2025 þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/tenglar/uppgjor-1f-2025>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://www.festi.is/fjarhagsupplysingar>

Fjárhagsdagatal

- 2F 2025: 29. júlí 2025
- 3F 2025: 30. október 2025
- 4F 2025: 5. febrúar 2026
- Aðalfundur 2026: 5. mars 2026

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (asta@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs (mki@festi.is).